

Þjónusturammi HSN á Sauðárkróki.

Skilgreiningar

Heimahjúkrun er heimahjúkrunarþjónusta sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva fyrir þá einstaklinga sem hennar þarfnast sbr. 12. gr. reglugerðar um heilsugæslustöðvar nr. 787/2007.

Notandi heimahjúkrunar telst vera sjúklingur skv. lögum um réttindi sjúklinga nr.74/1997.

Forvarnir: Fræðsla, forvarnir og heilsuefling til einstaklinga og fjölskyldna þeirra.

Hjúkrun: Styrkja og viðhalda andlegu og líkamlegu heilbrigði einstaklingsins og draga úr einangrun og einkennum sjúkdóma, eins og kostur er.

Almennt um heimahjúkrun HSN á Sauðárkróki:

Heimahjúkrun HSN á Sauðárkróki, sinnir að undangengnu mati:

1. Einstaklingum sem þurfa stuðning, eru t.d. óöruggir og/eða kvíðnir, en að mestu sjálfbjarga. Fræðsla, forvarnir, heilsuefling og eftirlit með almennri líðan eru aðalmarkmið meðferðar. Ástæða beiðni er oft stuðningur, lyfjaeftirlit og/eða böðun.
2. Einstaklingum sem þarfnast sérhæfðrar hjúkrunar. Aðalmarkmið meðferðar eru sárameðferð, sérhæfð lyfjameðferð og annað sem krefst sérhæfingar í hjúkrun. Ástæða beiðni er sérhæfð hjúkrun.
3. Einstaklingum sem þarfnast víðtækrar hjúkrunar daglega eða oft á dag vegna langvinnra sjúkdóma s.s heilabilunar, geðfötlunar, líkamlegrar skerðingar eða eru deyjandi. Stuðningur við einstaklinginn og aðstandendur ásamt skipulagi og framkvæmd þeirrar hjúkrunar sem þörf er á hverju sinni eru aðalmarkmið meðferðar. Ástæða beiðni er heildræn hjúkrunarmeðferð og/ eða líknandi meðferð vegna langvinnis sjúkdóms.

Ef nauðsynlegt er af einhverjum ástæðum að draga úr þjónustu af óviðráðanlegum orsökum t.d.vegna verkfalla, eða ófærðar skal miða forgangsröðun við framantalið þannig að síst falli niður þjónusta hjá þeim sem eru í þriðja hópnum.

Heimahjúkrun er yfirleitt tímabundin þjónusta sem veitt er meðan þörf er á hjúkrun. Gert er ráð fyrir að þjónustan hætti þegar meðferð lýkur, heilsufarsleg vandamál hafa verið leyst eða þeim komið í viðunandi horf. Skal þá útskrifa sjúkling.

Heimahjúkrun felur hvorki í sér fasta viðveru eða yfirsetu né sinnir hún heimilisstörfum eða útréttingum fyrir þá sem hún þjónar.

Þjónusta heimahjúkrunar er háð fjárhagsáætlun HSN hverju sinni.

ÞJÓNUSTURAMMI

Umsóknir:

Umsókn um heimahjúkrun skal berast skriflega frá heilbrigðisstarfsmanni. Mikilvægt er að tilgreina tilefni umsóknarinnar, sjúkdómsgreiningu/ar og hjúkrunarvandamál. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu HSN undir liðnum heimahjúkrun. Slíka umsókn má senda rafrænt eða í pósti til yfirhjúkrunarfræðings heimahjúkrunar, einnig eru umsóknareyðublöð í Sögu, miðlægri sjúkraskráningu. Senda þarf nýja beiðni ef óskað er eftir verulegum breytingum í hjúkrun sjúklings t.d. eftir dvöl á sjúkradeild eða í hvíldarinnlögn.

Upphaf og framkvæmd þjónustu.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt af matsteymi hefur hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði samband við sjúkling og skipuleggur fyrstu heimsókn. Í kjölfarið er hjúkrunarþörfin metin, út frá einstaklingsbundnu heilsufars- og hjúkrunarmati. Slík heimsókn skal fara fram ekki síðar en 5 virkum dögum eftir að umsókn kemur. Í sumum tilvikum er þörf á sérstökum ráðstöfunum áður en heimahjúkrun hefst. Hér er t.d. átt við ef gera þarf breytingar á húsnæði eða fyrirkomulagi á heimili, eða öflun hjálpartækja. Iðjupjálfi /sjúkrapjálfi á vegum heimahjúkrunar metur slíka þörf. Umsóknir um heimahjúkrun um helgar þurfa að berast eigi síðar en um hádegi á fimmtudögum. Ef beiðni berst utan dagvinnutíma eða eftir kl. 12:00 daginn fyrir almennan frídag, t.d. á föstudegi, þá getur afgreiðsla dregist fram á næsta virka dag (allt að 72 klst.) Komi beiðni frá sjúkrahúsi um að hefja þjónustu innan sólarhrings (svokölluð bráðþjónusta) þá skal orðið við eftir getu.

Umfang.

Starfssvæði heimahjúkrunar er það sama og umdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Sauðárkróki, þ.e. Sveitafélagið Skagafjörður að Fljótum og Akrahreppur.

Þeir sjúklingar sem búa afskekkt eiga sama rétt og aðrir íbúar til þjónustu en metið verður í hverju tilviki fyrir sig með hvaða hætti er mögulegt og hagstætt að veita heimahjúkrun.

Þjónusta heimahjúkrunar er aðallega veitt á dagvinnutíma en einnig á öðrum tímum sólarhringsins, þar sem þess er þörf, alla daga ársins.

Samstarf

Starfsfólk heimahjúkrunar leggur áherslu á samvinnu við starfsfólk heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, sérstaklega hvað varðar framvindu heimahjúkrunar, breytingar á meðferð og upplýsingar sem hafa áhrif á líðan. Heimahjúkrun vinnur einnig í samvinnu við félagslega heimaþjónustu og þá aðila sem sinna öldrunarþjónustu á svæðinu.

Heimahjúkrun sinnir ekki þeim störfum sem lög um félagsþjónustu nr.40 27. mars 1991 VII. kafli 25.gr. kveður á um, en þar segir:

Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Né heldur þeim störfum sem lög um málefni fatlaðra nr. 59 2. júní 1992, X. kafli liðveisla 25.gr. fjalla um en þar segir m.a.: "Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun".

Litið er á fatlaða sem "heilbrigða einstaklinga" sem ekki þurfa sérhæfða þjónustu heimahjúkrunar fyrr en veikindi eða heilsubrestur steðjar að.

Lyf.

Lyfjatiltekt og heimsending lyfja er á vegum lyfjabúða. Starfsmenn heimahjúkrunar sjá um lyfjaeftirlit og lyfjagjöf hjá þeim sem þess þurfa. Æskilegt er að á heimili sjúklings sé að finna læstan lyfjaskáp þar sem geyma má lyf á milli lyfjagjafa.

Sé lyfjagjöf breytt þarf alltaf skriflega beiðni frá lækni.

Vinnuumhverfi.

Í lögum nr. 46 frá 28. maí 1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna. Þar skal fyllsta öryggis gætt og góður aðbúnaður tryggður.

Vinna starfsmanna í heimahjúkrun fer fram á einkaheimilum og þarf skjólstæðingurinn eða umbjóðandi hans að fallast á að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sér fullnægt. Það getur þýtt að útvega þarf hjálpartæki á heimilið.

Þar sem heimili sjúklunga er jafnframt vinnustaður starfsfólks er farið fram á að ekki verði reykt á meðan þjónustan er veitt og að gæludýr lokuð af sé þess óskað.

Öryggi.

Komi þær aðstæður upp inni á heimili að öryggi sjúklings eða starfsfólks er með einhverjum hætti ógnað, svo sem vegna óreglu eða ofbeldis, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Í slíkum tilfellum getur þurft að fresta umönnun á meðan leitað er eftir þeirri ráðgjöf og aðstoð sem við á.

Trúnaður.

Starfsmönnum heimahjúkrunar ber að hafa í heiðri trúnað í samskiptum við sjúklinga og gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu skv. 12 gr. í lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997

Kvartanir vegna þjónustu

Skv. lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997 er sjúklingum bent á að beina athugasemdum vegna þjónustu heimahjúkrunar til framkvæmdarstjórnar HSN. Vilji

sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007 12. gr.